

Síminn hf.

Aðalfundardagur: 15. mars 2018

Fundarstaður: Nauthóli, 101 Reykjavík

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
2 Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins	Stjórn	✓			
3 Kosning stjórnar félagsins	Stjórn				Sjálfkjörið
4 Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis	Stjórn	✓			
5 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna	Stjórn	✓			
6 Tillaga um starfskjarastefnu	Stjórn	✓			
7 Tillaga um lækkun á hlutafé	Stjórn	✓			
8 Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum	Stjórn	✓			
9a Breytingartillaga Gildis á tillögu um tilnefningarnefnd	Gildi	✓			
9b Tillaga Eaton Vance Management um tilnefningarnefnd	Eaton Vance	✓			Samþykkt með breytingum Gildis

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2018

Breytingartillaga á aðalfundi Símans hf. 2018 vegna tilnefningarnefndar

Eaton Vance Management hefur lagt fram eftirfarandi tillögu til umfjöllunar á aðalfundi félagsins:


„Aðalfundur Símans hf. samþykkir að félagið skuli skipa tilnefningarnefnd. Aðalfundur felur stjórn Símans að setja á laggirnar og skipa tilnefningarnefnd í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.“

Gildi-lífeyrissjóður tekur undir það sjónarmið að það geti verið góður kostur að kanna nánar þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Gildi telur á hinn bóginn rétt að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar hjá félaginu og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndina verði slík tillaga samþykkt. Af þessum sökum er lögð til eftirfarandi breytingartillaga við framangreinda tillögu:

„Aðalfundur Símans hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði breytingartillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri